

Fréttabréf mars 2021

Fréttir af okkur.

Veðrið hefur leikið við okkur undanfarið og höfum við notið þess að vera mikið úti við.

Hópastarf gengur sinn vanagang með aðaláherslu á Leikur að læra, málhljóð Lubba og vináttu. Vinnustundirnar ganga mjög vel og eldri börnin vinna m.a. með talningu, form, stafagerð, rím, samstöfur, þolinmæði, frumkvæði og aðstoð við hvert annað svo eitthvað sé nefnt.

Yngri börnin sýna einnig mikla færni og læra reglur, fara í röð, bíða, læra litina, heiti forma, þekkja stafinn sinn og hinna í hópnum, klappa atkvæði, læra ýmis hugtök ásamt tillitssemi og samvinnu sín á milli o.fl..

Elsti árgangur fékk loks leyfi til að heimsækja grunnskólann og var mikl gleði í barnahópnum. Heimsóknirnar eru liður í samstarfi milli skólastiganna og ef sóttvarnartakmarkanir leyfa halda þær áfram og enda á vorskóla í maí sem verður auglýstur síðar

Því miður þurftum við að fella út árleg morgunverðarboð tengd bónda- og konudegi vegna sóttvarnartakmarkana en vonumst til að geta bætt upp fyrir það með vorinu.

Miðlar

Minum á tvo hópa á Facebook sem gaman og gott er fyrir ykkur að vera í. Það eru „Leikskólinn Undraland“ sem er upplýsinga- og myndasíða fyrir foreldra leikskólans og hópur foreldrafélagsins sem heitir „Foreldrar leikskólabarna í Hveragerði“

Karellen: eins og vonandi allir vita erum við að notast við leikskólakerfið Karellen sem er bæði upplýsinga-/tengimiðill milli leikskóla og foreldra auk þess að halda utan um allar skráningar tengdar leikskóladvölinni. Kerfið býður upp á aðgang í gegnum varfa og smáforrit en foreldrar þurfa að skrá sig inn á læstan aðgang til að nálgast upplýsingar sinna barna. Kerfið hefur verið í uppfærslu og eru nokkrar breytingar að ganga í gegn sem valda hnökrum en stefnt er að því að þeim verði lokið í lok mars.

Sumarlokun

Leikskólar bæjarins verða lokaðir 8. júlí til 16. ágúst, að báðum dögum meðtöldum. Opnum aftur 17. ágúst.



Kveðja

starfsfólk leikskólans Undralands

Fjarvistatilkynningar: Þó foreldrum sé ekki skylt að tilkynna fjarveru barna sinna finnst okkur voða gott að fá fréttir af því ef börnin koma ekki í leikskólann 😊

Nauðsynlegt er fyrir okkur að vita ef aðrir en vant er koma að sækja börnin því starfsfólk má ekki afhenda börnin ef það veit ekki hver er á ferðinni.

Framundan

Starfsdagur: miðvikudaginn 10. mars verður leikskólinn lokaður vegna starfsdags. Dagurinn byrjar á deildar og starfsmannafundum og svo verður kynning frá Landvernd á Grænánaverkefninu, alþjóðlega umhverfismenntaverkefninu -Skólar á grænni grein. Verkefnið styður við umhverfismennt, sjálfbærni og almenna umhverfisvernd og okkur langar að vita hvort það henti okkar leikskóla. Eftir hádegið verður farið í vettvangsferð.

Ruglusokkadagur: mánudaginn 22. mars er alþjóðlegur dagur Downs heilkennis. Við fögnum fjölbreytileikanum og klæðumst ósamstæðum sokkum þennan dag.

Gulur dagur: föstudaginn 26. mars tökum við forskot á páskaþælingu og höfum gulan dag. Þá er gaman ef börnin mæta í einhverju gulu.

Deildastjórar eru að vinna foreldraviðtöl og eru fyrstu viðtölin í mars. Foreldrar hafa val um form fundanna, þ.e. að koma á staðinn, fá símaviðtal eða í gegnum fjarfundabúnað. Nánar auglýst á deildum og í tölvupóstum

Starfsmannabreytingar

Erla Lind kvaddi okkur í febrúar og hvarf til annarra starfa. Við þökkum henni samveruna.

Ester María er komin aftur eftir fæðingarorlof og er á Snæfelli og Julian Carl er hjá okkur hluta úr degi. Við bjóðum þau velkomin til starfa.

Við slökum ekki á í sóttvörnunum, sprittum áfram við innkomu í leikskólann, notum grímur í fataklefanum og pössum upp á fjöldann og bilið á milli okkar.